

Héraðslæknar, menntun þeirra og aðkoma að fæðingarhjálp á átjándu og níttjándu öld¹

Erla Dóris Halldórsdóttir, doktor í sagnfræði og hjúkrunarfræðingur

Inngangur – Fæðingarkvalir húsfreyju í Skrapatungu árið 1813

Vænst var fjölgunar íbúa í Höskuldsstaða sókn í Austur-Húnavatnssýslu í ágúst árið 1813. Hjónin Sesselja Marteinsdóttir (f. 1788) húsfreyja og Jón Oddsson (1786–1843) bóndi í Skrapatungu áttu von á sínu fyrsta barni. Sesselja var þá 23 ára.² Líklega hefur hún verið lágvaxin því að í skrá yfir dánarbú hennar er blátt klæðapils sem passaði á lítinn kvenmann. Í lok meðgöngunnar má telja víst að Sesselja hafi klæðst pilsgarminum sínum.³ Þá hefur hún verið mikil um sig því hún gekk með tvíbura. Óvíst er hvaða dag Sesselja átti von á sér en nágrannakona hennar, Sólveig Jónsdóttir á Balaskarði, var sótt þegar fæðingin hófst. Fæðingin gekk illa og er getið í „skipta handteringu sterfbús“ Sesselju að séra Halldór Ámundason (1773–1843) á Melstað hafi verið sóttur til hennar þar hún „gat ei fætt“.⁴ Séra Halldór var talinn góður læknir og mjög líklegt er að hann hafi verið sóttur til Sesselju til að ná börnunum sem Sólveigu hafði ekki tekist.⁵ Ekki lánaðist séra Halldóri að aðstoða Sesselju í fæðingunni því Sveinn Kárason (1791–1833) á Mýrum var sendur til að sækja héraðslækni

¹ Greinin byggir á fyrirlestri sem haldinn var á málþinginu Nýjar rannsóknir í sögu Íslands á átjándu og níttjándu öld sem Félag um átjándu aldar fræði hélt 21. október 2017.

² ÞÍ. (Þjóðskjalasafn Íslands). Sýsluskjalasafn. Húnavatnssýsla. ED2/2. Dánarbú 1811–1821, örk 4. Bestu þakkir fær Már Jónsson prófessor í sagnfræði, fyrir að veita mér upplýsingar um dánarbú Sesselju Marteinsdóttur (1788–1813). Prestsþjónustubók fyrir Höskuldsstaði á Skagaströnd árin 1803–1816 er ekki til. Einu upplýsingar um dánarmein Sesselju Marteinsdóttur eru í umræddu dánarbúi sem varðveitt eru í sýsluskjalasafni í Þjóðskjalasafni Íslands.

³ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Húnavatnssýsla. ED2/2. Dánarbú 1811–1821, örk 4. Í dánarbúi Sesselju Marteinsdóttur er meðal annars talið upp að hún hafi átt tvær kvenhempur, aðra slitna og bætta og hina gatslitna. Hún átti einnig slitinn hálskraga, bláa peysu, svartan klút, silkiklút, bláa vettlinga, sex bláa kvensokkabili, kvenkraga, nærhúfu og græna húfu.

⁴ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Húnavatnssýsla. ED1/1, 3. Skiptabók 1810–1817, bls. 12.

⁵ Sjá um Halldór Ámundason: Páll Eggert Ólason *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* II. bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1949, bls. 240–241.

Norðlendingafjórðungs, Ara Arason (1763/1764–1840) sem bjó á Flugumýri í Skagafjarðarsýslu. Til fararinnar voru hestar teknir á leigu. Sesselja fæddi með aðstoð Ara héraðslæknis tvö andvana börn og lést sjálf 15. ágúst 1813 af barnsburðinum. Jón Bjarnason fósturfaðir Sesselju ritaði 30. september sama ár bréf til Björns Ólafssonar sýslumanns Húnavatnssýslu og skýrði frá því að fæðingin hafi gengið mjög illa. Þar kom fram að Sesselja hafi látist af „langri þjökun í barnsburðarneyð.“⁶ Eftir fæðinguna og andlát Sesselju var Jón Einarsson eiginmaður Sólveigar á Balaskarði fenginn til að fylgja Ara lækni til baka að Flugumýri. Á meðan bjó Sólveig um lík Sesselju og andvana fæddra barna hennar fyrir greftrun.⁷ Mjög líklegt er að bæði börnin hafi farið í kistu með móður sinni.

Þjáníngar fæðandi konu í Vestur-Skaftafellssýslu árið 1861

Skúli Thorarensen (1805–1872) í austurhéraði Suðुरamtsins var einn af þeim héraðslæknum sem hóf að starfa á Íslandi árið 1834. Skúli bjó á Móeiðarhvoli í Rangárvallasýslu. Tengdamóðir hans, Sigríður Pálsdóttir (1809–1871) lýsti vel í bréfi til bróður síns, Páls Pálssonar þann 26. júní 1861 þeim erfiðleikum sem tengdasonur hennar þurfti að kljást við í starfi sem héraðslæknir.⁸ Hún rekur atburðarásina í bréfinu og segir Skúla hafa verið nýkominn heim úr læknisferð þegar sendiboða með þrjá til reiðar bar að garði eftir 14 tíma ferð frá Meðallandi í Vestur-Skaftafellssýslu. Erindi sendiboðans var brýnt því kona úr Vestur-Skaftafellssýslu hafði kennt léttasóttar í viku og mjög strangri í tvo daga og hún þurfti aðstoð lækni. Svo þreyttur var sendiboðinn að þegar hann hafði borið upp erindið sofnaði hann á stéttinni fyrir framan heimili Skúla, Móeiðarhvol. Skúli sem var sjálfur nýkominn heim úr læknisferð og hafði vakað tvo daga lét járna besta hestinn sinn, vakti sendiboðann og þeir riðu af stað. Seinast fréttist af þeim á Sólheimum og hafði þá gengið erfiðlega að fá nýja hesta á leigu til fararinnar. Sigríður virðist áhyggjufull vegna Skúla og lætur þess getið í bréfinu að hann ætti að vera kominn aftur heim ef allt hefði gengið vel en vonar að hann sofi og hvíli sig einhver staðar en segir svo: „það er annars ótrúlegt hvað sá maður heldur út“.⁹ Skúli komst heill heim eftir þessa ferð en engum sögum fer af fæðingarhjálpinni.

Þær fæðingaraunir er fjallað hefur verið um hér að framan, annars vegar hjá Sesselju Marteinsdóttur í ágústmánuði árið 1813, sem Ari Arason héraðslæknir kom að, og hins vegar

⁶ *ÞÍ*. Sýsluskjalasafn. Húnavatnssýsla. ED2/2. Dánarbú 1811–1821, örk 4.

⁷ *ÞÍ*. Sýsluskjalasafn. Húnavatnssýsla. ED2/2. Dánarbú 1811–1821, örk 4.

⁸ Bestu þakkir fær Erla Hulda Halldórsdóttir dósent í kvenna- og kynjasögu við sagnfræðideild Háskóla Íslands fyrir að veita mér upplýsingar um umrætt bréf Sigríðar Pálsdóttur til bróður síns Páls Pálssonar.

⁹ *Lbs–Hbs*. (Landsbókasafn–Háskólabókasafn). Lbs 2413a, 4to. Bréfasafn. Páll stúdent Pálsson, skrifari á Stapa. Bréf dagsett 26. júní 1861.

erfiðri fæðingu hjá konu í Vestur-Skaftafellssýslu árið 1861 sem Skúli héraðslæknir sinni 48 árum síðar bera með sér að engar framfarir höfðu orðið í þeirri hjálpi sem konum stóð til boða þegar fæðingar voru erfiðar. Læknar þjónuðu sömu stóru læknishéruðum, þeir höfðu samskonar fæðingaráhöld og samgöngu voru óbreyttar. Sendiboðar voru sendir eftir læknum sem höfðu engan farkost nema hesta og báta. Stundum varð að fara á milli bæja fótgangandi.


Í þessari grein verður fjallað um hvenær embætti héraðslækna á Íslandi voru stofnuð, hvaða hlutverki læknar gegndu í fæðingarhjálp svo og hvaða áhöld þeir gátu hagnýtt sér til að takast á við erfiðar fæðingar. Farið verður yfir sögu embættis héraðslækna og nær sú frásögn fram til ársins 1876 þegar breyting var gerð á stærð læknishéraða. Héraðslæknar voru upphaflega titlaðir fjórðungslæknar.

Fjórðungslæknar/héraðslæknar á 18. og 19. öld

Árið 1766 voru tvö fjórðungslæknaembætti stofnuð á Íslandi. Læknar sem sinntu þessum embættum voru titlaðir *fjerdingskírúrgar* eða fjórðungslæknar. Þegar Íslandi var skipt upp í tvö ömt árið 1770 eru dæmi þess að læknar hér hafi verið titlaðir *amtskírúrgar*. Árið 1800 var farið að titla lækna hér á landi *distriktskírúrga* eða héraðslækna.¹⁰

Héraðslæknar höfðu margvíslegum skyldum að gegna og fengu erindisbréf í fyrsta skiptið að starfa eftir 25. febrúar 1824.¹¹ Hlutverk héraðslækna var að koma konum í erfiðum

Fæðingaráhöld lækna á 18. og 19. öld



Fæðingartöng (efst á mynd), höfuðbor og tvíbuga fæðingarkrókur. Fæðingartöng barst landlækni á Íslandi árið 1784. Höfuðbor og tvíbuga fæðingarkrókur bárust landlækni á Íslandi árið 1804. Ljósmyndari: Jóhannes Long. „Úr Nesstofusafni“. Félag áhugamanna um sögu læknisfræði.

¹⁰ *Lovsamling for Island* III. bindi (1749–1772). Kaupmannahöfn: Forlagt af Universitets–Boghandler Andr. Fred. Höst, 1854, bls. 548, 664–665; Jón Einarsson, sem lauk læknaprófi hjá Bjarna Pálssyni landlækni árið 1776, fékk starfstítilinn „amt kirúrg“ samkvæmt veitingarbréfi hans frá 17. apríl 1782. Telst Jón fyrstur lækna á Íslandi sem hlýtur þann starfstítil. Sjá: *ÞÍ*. Hið danska kansellí. KA/29, örk 12. Innkomin bréf 1781–1782; *Lbs–Hbs*. Erla Dóris Halldórsdóttir, *Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880*. Ritgerð til doktorsprófs í sagnfræði við Háskóla Íslands. Reykjavík: Hugvísindasvið, Háskóli Íslands 2016, bls. 22.

¹¹ *Lovsamling for Island* VIII. bindi (1819–1825). Kaupmannahöfn: Forlagt af Universitets–Boghandler Andr. Fred. Höst, 1858, bls. 521–522.

fæðingum til aðstoðar en sá galli var á gjöf Njarðar að þeir höfðu gríðarlega stór læknishéruð sem náðu yfir margar sýslur. Ef alvarleg vandamál komu upp í fæðingum voru fá ráð til nema að beita fæðingartöngum, taka konum blóð, gefa þeim stólpípur, leggja á þær spanskfluguplástur eða beita þeirri skelfilegu aðgerð að lima fóstur í sundur úr móðurkviði. Til þessa læknisverks höfðu læknar sérstök verkfæri sem voru höfuðbor og tvíbuga fæðingarkrókur. Þar var ekki á hendi ljósmæðra að gera slíkt.¹²

Á 19. öld stóð sú þjónusta á brauðfótum sem var fyrir veikt fólk og konur sem lentu í erfiðum fæðingum. Hið opinbera kerfi var vanburðugt. Árið 1813, sama ár og Ari Arason héraðslæknir kom að andvana fæðingu hjá Sesselju, kom starfsbróðir hans, Oddur Hjaltalín (1782–1840) héraðslæknir í suðurhéraði Vesturamtsins að fæðingarhjálp. Í bréfi sem Oddur skrifaði vini sínum, Bjarna Vigfússyni í Gufunesi síðasta dag ársins 1813 lýsti hann þeim hræðilegu aðstæðum sem hann upplifði við að aðstoða konu í fæðingu í læknishéraði sínu. Hjá Oddi kom þetta fram:

[V]ar ég sóttur til konu, sem hafði legið 6 dægur á gólfi, hafði engar hríðir en þar á móti öngvit og sterka krampatrekningar. Þar var engin yfirsetukona, nema vitlaus, engin efni til hægðar, einasta fátækt, og svínari, ég tók barnið með tönginni, með þrívöfðum naflastreng um hálsinn, það kom lifandi frískt (því töngina lagði ég rétta). Fylgjan föst, ég náði henni með þraut; blóðstyrkning kom upp á hálfu dægri eftir, stansaðist af mér, og guð sé lof! Barn og konan lifir enn í besta gengi og barnið heitir Oddný. Yfir konunni lá ég í 6 dægur eftir barnsburðinn á berum pallfjöllum alltaf í sama belg, án matar og aðhlyningar nema að drekka mjólk, og fékk 1 spec fyrir ómakið og meðölin.¹³

Bréf Odds gefur bæði innsýn inn í þau skilyrði sem læknar á Íslandi urðu að vinna við fyrir á öldum og þær kringumstæður sem konur fæddu í. Þær aðstæður gátu verið erfiðar, eins og Oddur greinir frá. Fékk hann hvorki að borða, stól né rekkju til að hvíla sig í heldur vakti yfir konunni í þrjá daga á hörðu baðstofugólfinu.

¹² *Lbs–Hbs*. Erla Dóris Halldórsdóttir, *Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880*, bls. 151–152, 175.

¹³ Skilgreining á dægri: „Hálfur sólarhringur, 12 klukkustundir (nótt eða dagur).“ Sjá: *Íslensk orðabók A–L*. Ritstjóri: Mördur Arnason. Reykjavík: Edda, 2002, bls. 247; *Lbs.–Hbs*. Lbs. 509, fol. Bréfasafn Bjarna Thorarensen. Bréfitari: Oddur Hjaltalín landlæknir. Bréf dagsett 31. desember 1821; „Nokkur bréf frá Oddi Hjaltalín til Bjarna Thorarensens“, *Óðinn* 1:6 (1905), bls. 48.

Fjórðungslæknar/héraðslæknar, læknishéruð þeirra og aðkoma að fæðingum

Eins og áður hefur komið fram voru embætti fjórðungslækna/héraðslækna á Íslandi stofnuð árið 1766. Íslendingar fengu héraðslækna á undan Dönnum, en þar var fyrsta héraðslæknisembættið stofnað á Jótlandi 1771. Embætti héraðslækna hér á landi byggðu á sama grunni og samsvarandi stétt skurðlækna í Danmörku. Á þessum tíma voru til tveir hópar lækna í Danmörku, háskólalærðir læknar og skurðlæknar (*kírúrgar*) sem höfðu lært við hina Konunglegu skurðlæknaakademíu (*Det kongelige kirurgiske Akademi*) sem stofnsett var í Kaupmannahöfn 1736.¹⁴

Læknakennsla hófst á Íslandi um það leyti sem embætti landlæknis var sett á laggirnar árið 1760. Hér á landi var enginn háskóli, enginn spítali nema holdsveikraspítalar og engin fæðingarstofnun hvert konur gátu leitað til að fæða. Fæðingar fóru því fram í heimahúsum. Tekið var fram í erindisbréfi landlæknis frá 19. maí 1760 að þar sem Ísland væri bæði víðlent og torvelt yfirferðar, engir vegir hér nema hestaslóðir, vötn óbrúuð og þar sem fólk þyrfti að fara yfir fjöll eða ár, sérstaklega að vetrarlagi ákvað Friðrik V. Danakonungur vegna sérlegrar föðurlegrar umhyggju í garð þegna sinna á Íslandi að fela landlækni að taka eina eða fleiri persónur í læknánám. Ekki þótti ástæða til að geta þess að þessar persónur ættu að vera karlmenn. Það þótti sjálfsagt því konum var ekki leyft að stunda langskólanám. Einstaklingarnir áttu ekki aðeins að vera karlmenn heldur skyldu þeir einnig vera ungir og vel gefnir. Einnig var þess krafist að þeir væru við það að ljúka námi, annað hvort frá latínuskólanum í Skálholti eða á Hólum í Hjaltadal. Bjarna Pálssyni (1719–1779), fyrsta landlækni á Íslandi, var uppálagt að kenna þeim ljósmóðurfræði, líffærafræði, handlækningar, grasa- og lyfjafræði. Samkvæmt erindisbréfi Bjarna landlæknis frá 1760 er ljóst að Danakonungur áleit gagnlegt að skipa allt að fjóra lækna í þau læknishéruð sem stofna átti. Skyldi það gert eftir að þeir luku læknánami hjá landlækni.¹⁵

Á árunum 1763 til 1776 luku fjórir latínuskólagengir karlmenn læknaprófi hjá Bjarna landlækni og var staða þeirra sem luku prófinu staða „kírúrgs“ eða skurðlækna. „Kírúrgsnemar“ tóku læknapróf á Íslandi í viðurvist helstu embættismanna þjóðarinnar það er stiftamtmanns, amtmanns, landfógeta og landlæknis. Þeir sem luku læknaprófi hjá Bjarna

¹⁴ Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar: Íslensk heilbrigðissaga*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2005, bls. 57–61; Guðmundur Hálfðanarson, „Embættismannaskólinn 1911–1961“, *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011, bls. 37.

¹⁵ *Lovsamling for Island III*. bindi (1749–1772), bls. 410–411; Sjá um Bjarna Pálsson: Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi I*. bindi. Reykjavík: Læknafélag Íslands/Ísafold, 1969, bls. 157–158.

Pálssyni voru Magnús Guðmundsson (1738–1786) 25 ára, Hallgrímur Bachmann (1739/1741–1811) 28 ára, Brynjólfur Pétursson (1747–1828) 23 ára og Jón Einarsson (1747–1816) 29 ára. Hallgrímur Bachmann var sá eini sem hafði þekkingu á lækningum áður en hann hóf læknánám hjá Bjarna árið 1762 en hann hafði dvalið í Kaupmannahöfn árið 1759 við bartskeranám sem var iðnnám í sáralækningum.¹⁶

Íslensku kírúrgarnir höfðu sömu réttindi og skurðlæknar í Danmörku en þeir höfðu lakari laun en fullgildir læknar frá læknadeild Hafnarháskóla. Fyrsta læknapróf á Íslandi tók Magnús Guðmundsson á Þingvöllum 20. júlí árið 1763. Spurningar sem lagðar voru fyrir fyrstu læknanemana hérlendis voru 70 til 80 talsins og á latínu. Þrjár til átta spurningar snertu fæðingarhjálp þannig að þeir hafa fengið kennslu í þeim fræðum. Þeir voru meðal annars spurðir hvað væri eðlileg fæðing og hvað væri afbrigðileg fæðing, hver væru not af naflastrengnum og hvað ef naflastrengurinn slitnaði í fæðingu.¹⁷


Tvö fyrstu fjórðungslæknaembættin voru stofnuð 20. júní 1766.¹⁸ Hallgrímur Bachmann var skipaður fjórðungslæknir í Vestfirðingafjórðungi sem náði yfir 12 sóknir úr Borgarfjarðarsýslu (Saurbæjarsókn á Hvalfjarðarströnd, Innrihólmur á Akranesi, Garðar á Akranesi, Leirá í Leirársveit, Melar í Melasveit, Hvanneyri í Andakíl, Bær í Bæjarsveit, Fitjar í Skorradal, Lundur í Lundarreykjadal, Reykholt í Reykholtisdal, Stóri-Ás í Hálsasveit og Húsafell í Hálsasveit), Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, báðar Ísafjarðarsýslurnar og Strandasýslu.

¹⁶ Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* I. bindi, bls. 190–191, 342, 419–420, 551; Sjá vottorð um bartskeranám Hallgríms Bachmann frá danskri ekkju, maddömu Bagge. Vottorðið er dagsett í Kaupmannahöfn þann 10. febrúar 1763. *ÞÍ*. Skjalasafn landlæknis A, 1. Bréfabók Bjarna Pálssonar 1760–1771, bl. 90v; *Lbs–Hbs*. Erla Dóris Halldórsdóttir, *Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880*, bls. 138–143. Samkvæmt *Ordbog over de Danske sprog* kemur þetta fram um bartskera: „bartskeer [var] en person som foruden at udøve barbevirkksomhed havde nogen kirurgisk uddannelse“. Sjá: Verner Dahlerup, *Ordbog over Det Danske sprog* I. bindi. Kaupmannahöfn: Gyldendalske boghandel, 1919, bls. 1182.

¹⁷ *Lbs–Hbs*. Erla Dóris Halldórsdóttir, *Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880*, bls. 140–142.

¹⁸ *Lovsamling for Island* III. bindi (1749–1772), bls. 548.

**Læknishéruðin: Vestfirðingafjórðungur og
Norðlendingafjórðungur**




Vestfirðingafjórðungur náði yfir 12 sóknir í Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, báðar Ísafjarðarsýslurnar og Strandasýslu. Norðlendingafjórðungur náði yfir Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu.

Þarna bjuggu um þrettán þúsund manns árið sem Vestfirðingafjórðungsembættið var sett á stofn. Magnús Guðmundsson fékk Norðlendingafjórðung og læknishérað hans náði yfir Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu. Sjálfur bar landlæknirinn ábyrgð á lækningum á öllum öðrum landssvæðum á Íslandi.¹⁹

Eftir að Brynjólfur Pétursson lauk læknaprófi hjá Bjarna Pálssyni árið 1770 var hann skipaður fjórðungslæknir Austfirðingafjórðungs tveimur árum síðar. Náði læknishérað hans yfir Suður-og Norður-Múlasýslu og Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu eða „svo vítt mögulegt af Skaftafellssýslu“ eins og kom fram í auglýsingu frá landlækni 30. júlí 1794.²⁰

¹⁹ Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* II. bindi. Reykjavík: Læknafélag Íslands/Ísafold, 1969, bls. 68–69; *Lbs–Hbs*. Erla Dóris Halldórsdóttir, *Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880*, bls. 26–27, 143.

²⁰ *Lovsamling for Island* III. bindi (1749–1772), bls. 737–738; Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* II. bindi, bls. 69.

Læknishéraðið: Austfirðingafjórðungur


Austfirðingafjórðungur náði yfir báðar Múlasýslurnar og Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Jón Einarsson var sá síðasti til að ljúka læknaprófi hjá Bjarna árið 1776.²¹ Búið var til nýtt læknishérað fyrir hann árið 1781, svokallað norðurhérað Vesturamtsins. Var þá Vestfirðingafjórðungi skipti upp í suðurhérað Vesturamtsins sem náði yfir Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu, og norðurhérað Vesturamtsins sem náði yfir Barðastrandarsýslu, báðar Ísafjarðarsýslurnar og Strandasýslu.²²

²¹ Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* I. bindi, bls. 419–420; Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* II. bindi, 70.

²² *Lovsamling for Island* IV. bindi (1773–1783). Kaupmannahöfn: Forlagt af Universitets–Boghandler Andr. Fred. Höst, 1854, bls. 627–628; Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* II. bindi, bls. 68–71.

Læknishéruðin:
suðurlhérað Vesturamtsins og norðurlhérað Vesturamtsins



Suðurlhérað Vesturamtsins náði yfir Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu. Norðurlhérað Vesturamtsins náði yfir Barðastrandarsýslu, báðar Ísafjarðarsýslurnar og Strandasýslu.


Eins og upplýsingar hér að framan sýna þá voru héruð lækna mjög víðáttumikil og það gat tekið marga daga eða vikur fyrir þá að komast yfir allt læknishéraðið. Árið 1799 var stofnað nýtt læknishérað.²³ Lýður Guðmundsson, sýslumaður, kvartaði í bréfi til Jóns Sveinssonar (1752–1803), landlæknis, 2. september 1797 yfir því að íbúar Vestur-Skaftafellssýslu hefðu frá því læknishérað Austfirðingafjórðungs var sett á stofn árið 1772 ekki haft nein not af Brynjólfi Péturssyni héraðslækni sem bjó á Brekku í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu þar sem hann þyrfti að taka á sig mjög löng ferðalög til að komast til sjúklinga í Vestur-Skaftafellssýslu. Barnshafandi konur voru ofarlega í huga Lýðs því hann bendir á það að konur í fæðingarnauð þurfi aðstoð sem fyrst og þá sé erfitt ferðalag fyrir sendiboða að ferðast yfir erfiða fjallavegi og straumharðar ár til að sækja lækni á Brekku. Af þeim sökum taldi Lýður nauðsynlegt að fá lækni í Vestur-Skaftafellssýslu.²⁴

Nýtt læknishérað, austurlhérað Suðurlamtsins, var svo stofnað 4. október 1799. Sveinn Pálsson (1762–1840) varð fyrsti héraðslæknirinn í þessu embætti. Læknishérað hans tók yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.²⁵

²³ *Lovsamling for Island VI*. bindi (1792–1805). Kaupmannahöfn: Forlagt af Universitets-Boghandler Andr. Fred. Höst, 1856, bls. 399-401.

²⁴ ÞÍ. Skjalasafn stiftamtmanns III, 105. Bréf landlæknis til stiftamtmanns 1795–1803. Bréf Lýðs Guðmundssonar dagsett 2. september 1797.

²⁵ Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* I. bindi, bls. 736–739; Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* II. bindi, bls. 71.

Læknishéraðið: austurhérað Suðuramtsins

Austurhérað Suðuramtsins náði yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

Þannig héldust læknishéruðin þar til nýju héraði var bætt við árið 1828 en þá voru Vestmannaeyjar gerðar að sérstöku læknishéraði.²⁶ Árið 1856 voru Húnavatnssýsla og Skagafjarðarsýsla gerðar að sérstöku læknishéraði, vesturhéraði Norðuramtsins, og það læknishérað veitt Jósep Skaftasyni (1802–1875).²⁷ Eftir það áttu eftir að líða 20 ár þar til ný læknishéruð voru stofnuð á Íslandi.

Stjórn heilbrigðismála í Danmörku og auknar kröfur til héraðslækna á Íslandi

Í byrjun 19. aldar urðu miklar breytingar á skipan heilbrigðismála í Danmörku. Árið 1803 varð breyting á yfirstjórn heilbrigðismála þegar nýtt heilbrigðisráð, *Det kongelige sundhedskollegium*, var sett á stofn í stað lækna ráðsins, *Collegium medicum* sem hafði verið starfrækt frá 1740. Lækna ráðið og síðan heilbrigðisráðið höfðu æðstu völd í heilbrigðismálum danska konungsríkisins.²⁸ Sama ár og heilbrigðisráðið var stofnað tóku stjórnvöld í Danmörku upp þá reglu að lækna skyldu árlega senda skýrslur um heilbrigðisástand í læknishéruðum

²⁶ Eftir að Vestmannaeyjar voru gerðar að sérstöku læknishéraði árið 1828 tók danskur læknir, Carl Ferdinand Lund (1786–1831) við því embætti fyrstur. Hann lést 5. desember 1831, 45 ára og skildi eftir sig eignir. Eru skiptin og uppboð dánarbús hans varðveitt í sýsluskjalasafni Vestmannaeyja. Sjá: *Fyrirfundnir fémunir í Vestmannaeyjum á fjórða áratug 19. aldar*. Már Jónsson tók saman. Vestmannaeyjar: Þekkingarsetur og Safnahús, 2017, bls. 25.

²⁷ Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* I. bindi, bls. 473–474; Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* II. bindi, bls. 72.

²⁸ *Lbs–Hbs*. Erla Dóris Halldórsdóttir, *Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880*, bls. 192–193; Jón Ólafur Ísberg, *Lif og lækningar: Íslensk heilbrigðissaga*, bls. 61.

þeirra. Átti ráðið, ef ástæða þótti til, að koma með tillögur til úrbóta í heilbrigðismálum. Þessi ákvörðun barst til Íslands 20. desember 1803.²⁹ Landlækni og héraðslæknum var uppálagt að senda árlega heilbrigðisskýrslur um ýmis atriði sem snertu sjúkdóma fólks í umdæmum þeirra. Þeir áttu einnig að tilkynna um fæðingarhjálp, meðal annars þegar konur dóu af barnsförum.³⁰ Skýrslurnar eru varðveittar í skjalasafni landlæknis í Þjóðskjalasafni Íslands.³¹

Árið 1818 sat Hans Schack Knuth (1787–1861) greifi og álitsgjafi (d. *kommittet*) í Rentukammerinu í Kaupmannahöfn og fletti heilbrigðisskýrslum lækna frá Íslandi. Sá hann að læknaembættin hér voru setin læknum sem höfðu ekki þau próf í læknisfræði sem gerð voru að skilyrði fyrir því að þeir mættu starfa sem héraðslæknar, það er hefðu próf frá skurðlæknaakademíunni í Kaupmannahöfn. Taldi hann þetta þurfa nánari endurskoðunar við því af þeim fjórum læknum sem starfandi voru í læknaumdæmum á Íslandi þetta sama ár hafði enginn lokið skurðlæknaþrófi frá skurðlæknaakademíunni í Kaupmannahöfn. Lars Christian Hvidsteen (1784–1829), héraðslæknir í norðurhéraði Vesturamtsins, var lyfjafræðingur frá Hafnarháskóla, Ari Arason héraðslæknir í Norðlendingafjórðungi, sem nefndur var í upphafi, hafði lokið læknaþrófi hér á landi árið 1794, Brynjólfur Pétursson í Austfirðingafjórðungi hafði einnig lokið læknaþrófi á Íslandi árið 1770 og Sveinn Pálsson héraðslæknir í austurhéraði Suðuramtsins var menntaður náttúrufræðingur frá Hafnarháskóla árið 1794.³² Heilbrigðisráðið í Kaupmannahöfn ákvað því að auka kröfur til umsækjanda um embætti héraðslækna á Íslandi árið 1819 en erfitt reyndist að fá lækna til starfa hér. Þá var ákveðið að reyna að lokka vel menntaða skurðlækna til Íslands. Var afráðið að þeir sem vildu sækja um embætti yrðu að hafa lokið prófi frá skurðlæknaakademíunni í Kaupmannahöfn. Í framhaldi voru laun héraðslækna hækkuð úr 66 ríkisdöllum í 300 ríkisdali á ári. Dönskum skurðlækni sem vildi ráða sig hingað til lands sem héraðslækni var boðið betra embætti í Danmörku ef hann starfaði á Íslandi í fjögur til sex ár. Ef viðkomandi var íslenskur átti hann

²⁹ Gerda Bonderup, „Medicinalberetninger og deres kontekst ca. 1800–1870“, *Af yderste Vigtighed for det hele Borgersamfunds Tryghed: Medicinalberetninger og deres anvendelsesmuligheder i historisk forskning*. Ritstjórar: Gerda Bonderup, Jørgen Mikkelsen og Lisbeth Skjernov. Kaupmannahöfn: Selskabet for Udgivelse af Kilder til Dansk Historie, 2005, bls. 11.

³⁰ *Lovsamling for Island* VI. bindi (1792–1805), bls. 661–663.

³¹ Frá því fyrstu heilbrigðisskýrslur frá Íslandi bárust til heilbrigðisráðsins í Kaupmannahöfn voru þær skrifaðar á dönsku. Árið 1880 taka ýmsir læknar hér á landi að skrifa skýrslurnar á íslensku. Frá árinu 1894 eru þær allar ritaðar á íslensku. Þegar heilbrigðisráðið í Kaupmannahöfn hætti að hafa afskipti af heilbrigðismálum hér árið 1904, hættu skýrslugjafir héðan að berast til ráðsins. Sjá: Björn K. Þórólfsson, „Inngangur“, *Skjalasafn landlæknis 1760–1946. Skrá Þjóðskjalasafnsins* I. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 1952, bls. 10, 20, 28.

³² ÞÍ. Hið danska kansellí. KA/83, örk 9. Innkomin bréf 1817. Álitsgerð Hans Schack Knuth greifa dagsett 24. apríl 1818; Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* I. bindi, bls. 110, 190–191, 383, 736–739. Sjá um Hans Schack Knuth greifa: *Vefur: Dansk biografisk Lexikon* IX. bindi, bls. 303–304 <<http://runeberg.org/dbl/9/0305.html>>. Skoðað 27. júní 2018.

að starfa hér á landi í minnst 10 til 12 ár og eftir það gat hann fengið betra embætti í Danmörku.³³

Á árunum 1819 til 1837 hófu 11 héraðslæknar störf á Íslandi, sex Danir og fimm Íslendingar. Höfðu þeir allir lokið prófi frá skurðlæknaakademíunni í Kaupmannahöfn. Á meðan þeir voru í námi var þeim sem höfðu fengið héraðslæknaembætti boðið sérstaklega að starfa um tíma á fæðingarstofnunni í Kaupmannahöfn, sem kallaðist *Fødselsstiftelsen*, áður en þeir héldu til Íslands. Í Ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn er að finna nöfn þeirra skurðlækna sem voru við verklegt nám á fæðingarstofnuninni og hófu störf á Íslandi á árunum 1819 til 1837. Var sérstaklega skrifað við nöfn þeirra að þeir færu að námi loknu til starfa á Íslandi.³⁴

Danskir læknar sem hófu að starfa á Íslandi á 19. öld hafa fengið misjöfn ummæli en ástæðan fyrir komu þeirra hingað hefur fengið litla umfjöllun. Eftirmæli um suma þeirra voru afar neikvæð og því var jafnvel haldið fram að þeir væru óhæfir til ferðalaga á íslenskum hestum. Þeir voru taldir ónytjungar sem ekki kæmu að neinum notum í heimalandi sínu Danmörku og þess vegna verið sendir hingað.³⁵ Þetta er ekki rétt og því til staðfestu er vert að skoða heilbrigðisskýrslur frá þessum læknum. Þær voru vel gerðar og samviskusamlega skráðar af þeirra hálfu. Það var ekki tilviljun að þeir kæmu hingað heldur voru þeir sendir til Íslands til þess að efla heilbrigðiskerfið. Með komu þeirra hingað má greina aukningu á aðkomu lækna að erfiðum fæðingum.

Árið 1838 var gerð breyting á læknanámi í Danmörku. Til að öðlast læknaréttindi urðu læknanemar nú að ljúka prófi bæði frá læknadeild Hafnarháskóla og skurðlæknaakademíunni í Kaupmannahöfn. Níu læknar sem skipaðir voru héraðslæknar á Íslandi á árunum 1840 til 1856, sjö Danir og tveir Íslendingar, höfðu allir lokið því prófi.³⁶ Læknanám hófst aftur á Íslandi árið 1862 en það hafði legið niðri frá því í byrjun 19. aldar. Í tilskipun sem barst til Íslands frá Kaupmannahöfn árið 1871 var ákveðið að þeir sem lærðu læknisfræði á Íslandi mættu eftirleidis ekki fá héraðslæknaembætti hér nema þeir hefðu hlotið verklega þjálfun í að

³³ *Lovsamling for Island VIII*. bindi (1819–1825), bls. 87–88.

³⁴ *DRA (Rigsarkivet i Kaupmannahöfn)*. 259. Protokoloverkandidaterne på Fødselsstiftelsen 1819–1839, bls. 4.

³⁵ Jón Ólafur Ísberg, „Danskur að ætt, sællífur og værukær mjög“, *Lesbók Morgunblaðsins* 20. janúar 2001, bls. 14–15.

³⁶ *Lovsamling for Island XI*. bindi (1837–1840). Kaupmannahöfn: Forlagt af Universitets-Boghandler Andr. Fred. Höst, 1863, bls. 174–175; *Lbs-Hbs*. Erla Dóris Halldórsdóttir, *Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880*, bls. 214, 216, 221.

minnsta kosti ½ ár á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn.³⁷ Þar með var fæðingarhjálp orðin að skyldufagi innan læknisfræðinnar.

Bæði íslensku og þó sérstaklega dönsku héraðslæknarnir sem hófu störf á Íslandi á 19. öld kvörtuðu sáran undan því í heilbrigðisskýrslum að héruð þeirra væru of stór en sú kvörtun virðist ekki hafa náð eyrum embættismanna í danska heilbrigðisráðinu í Kaupmannahöfn því engar breytingar voru gerðar á umdæmunum fyrr en árið 1876 þegar þeim var fjölgað úr átta í 20.³⁸ Eftir það breyttist starfsumhverfi héraðslækna töluvert en áfram þurftu þeir yfirleitt að ferðast til sjúklinga sinna á hestum, bátum eða fótgangandi.

Lokaorð

Á 18. öld voru töluverðar breytingar gerðar á íslensku heilbrigðiskerfi með stofnun fjórðungslækna/héraðslæknaembætta árið 1766. Héraðslæknar áttu að koma að erfiðum fæðingum en sú þjónusta sem þeir gátu veitt konum í slíkum fæðingum var lítil. Í þeim tilfellum er ljósmæður kölluðu eftir aðstoð þurftu sendimenn oft á tíðum að ferðast langar leiðir til að sækja héraðslækni og gat sú ferð tekið nokkra daga enda samgöngur víða erfiðar. Biðu fæðandi konur í sárri kvöl eftir héraðslækni sem einn réði yfir áhöldum til að takast á við erfiðar fæðingar.

Á fyrsta áratug 19. aldar gerðu dönsk heilbrigðisyfirvöld fyrstu tilraunir til að ráða til Íslands vel menntaða lækna sem lært höfðu í Kaupmannahöfn. Áður en læknar réðu sig hingað til lands fengu þeir þjálfun í fæðingarhjálp við *Fødselsstiftelsen* í Kaupmannahöfn og voru þannig betur í stakk búnir til að takast á við erfiðar fæðingar. Ari Arason héraðslæknir í Norðlendingafjórðungi hélt ríðandi ásamt sendiboða til að líkna þraut og hjálpa Sesselju Marteinsdóttur í ágústmánuði árið 1813 þegar hún átti í erfiðleikum með að fæða tvíbura. Óbreyttir voru ferðamátar þegar Skúli Thorarensen, héraðslæknir á Móeiðarhvoli í Rangárvallasýslu, 48 árum síðar, ferðaðist ríðandi á hesti til konu í Vestur-Skaftafellssýslu. Konan hafði átt í léttasótt í viku og þurfti nauðsynlega á aðstoð læknis að halda til að koma barni sínu í heiminn. Þegar beiðnin barst Skúla hafði hann ekki fengið neina hvíld í tvo sólarhringa vegna vitjunar til annars sjúklings. Þrátt fyrir það hélt hann óðara af stað frá heimili sínu í Rangárvallasýslu, til hjálpar konunni. Þannig var sá raunveruleiki sem

³⁷ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. bindi (1870–1875). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1875, bls. 229.

³⁸ *Lbs–Hbs*. Erla Dóris Halldórsdóttir, *Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880*, bls. 215; Sjá lög um skipulag læknishéraða á Íslandi frá 15. október 1875. Löggin öðluðust gildi 1. janúar 1876. *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1875* B–deild. Reykjavík: Útgefanda ekki getið, 1876, bls. 80.

héraðslæknar á Íslandi bjuggu við á 19. öld. Engin þróun hafði átt sér stað í þeim áhöldum sem læknar gátu notast við þegar um erfiðar fæðingar voru að ræða. Þeir höfðu fæðingartöng til að toga barn út úr fæðingarvegi ef það sat fast þar, þeir höfðu höfuðborinn og tvíbuga fæðingarkrókinn þegar lima varð fóstur í sundur í móðurkviði. Framfarir voru engar í ferðamáta því læknar urðu að ferðast til skjólstæðinga sinna ýmist á hesti, fótgangandi eða á bátum. Á meðan biðu fæðandi konur eftir aðstoð til að koma börnum sínum í heiminn.

Þegar líða tekur á 20. öld fer að rofa til í fæðingarhjálp hér á landi með aukinni menntun ljósmæðra og fæðingarlækna auk fjölgunar ljósmæðrahéraða sem og fjölgunar á læknishéruðum. Var það mjög til bóta og auðveldaði ljósmæðrum og læknum að komast fyrir til kvenna sem fæddu börn annað hvort í eðlilegum fæðingum eða erfiðum. Einnig var stofnun fæðingardeildar á Landspítala árið 1931 mikil framför því þangað gátu fæðandi konur leitað ef erfiðleikar steðjuðu að í fæðingunni.